

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 143/1155*  
*komudagur 24.2.2014*

Nefndarsvið Alþingis  
nefnasvid@althingi.is

Tillaga til þingsályktunar um ráðstafanir gegn málverkafölsunum, 266. mál.

24. febrúar 2014

**Umsögn frá Myndstef, Hafnarstræti 16, myndstef@myndstef.is, www.myndstef.is**

Óskað var eftir umsögn Myndstefs við þingsályktunartillögu - mál nr. 266, sem skila á eigi síðar en 24. febrúar 2014.

Myndstef fagnar þeim tilmælum sem sett eru fram í ályktuninni. Mikilvægt er að meint málverkafölsun verði tekin föstum tókum og ráðstafanir verði gerðar í samræmi við það. Ekki þarf hér að tíunda skaða þess ef fölsuð myndverk komast í dreifingu og þau afdrifaríku áhrif sem slíkt gæti haft á þennan hluta menningararfsins - menningararfs sem hinu opinbera ber að standa vörð um.

Tekur Myndstef því undir nauðsyn þess að starfshópur sá er tiltekinn er í þingsályktuninni verði stofnaður, og fagnar sérstaklega því að í þeim starfshópi skuli sitja fulltrúar frá embætti sérstaks saksóknara, auk fulltrúa frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, enda þykir mikið á skorta skilning og þekkingu ákærvaldsins á málum er varða höfundarétt, þ.e. einkum brotum þeim tengdum.

Nauðsynlegt er að úr því verði bætt og Ísland verði enginn eftirbátur nágrannalanda okkar, sem flest hver hafa síðast liðin ár skipað sérstakt embætti innan ákærvaldsins er hefur sérþekkingu á höfundaréttarbrotum hvers konar - hvort sem um er að ræða kærur vegna refsiverðrar háttsemis og meintra brota á höfundalögum, kærur vegna brota í starfi (til dæmis starfsemi listmunasala eða uppboðsstjóra) eða kærur vegna brota á hegningarlögum vegna háttsemi sem felur einnig í sér brot á höfundalögum (eins og til dæmis fölsun eða fjárdráttur).

Enn fremur hafa nágrannlöndin stóreflt kynningu og kennslu innan stjórnsýslunnar vegna lögbanns og innsetninga, enda mikil þörf á. Úrræði í stjórnsýslunni eru mikilvægt tæki í baráttunni gegn brotum á höfundarétti, og á það að sjálfsögðu einnig við um málverkafalsanir. Það er afar mikilvægt að skoða þann möguleika á að þau fölsuðu myndverk sem eru þegar komin á raunverulegan listaverkamarkað og hafa þegar gengið kaupum og sölum á þeim markaði, verði fjarlægð og þeim fargað með innsetningu, eða lagt verði að minnsta kosti lögbann á frekari dreifingu þeirra.

Í ljósi þessa vill Myndstef stinga upp á því að einnig sitji í starfshópi þessum fulltrúi frá ríkislögreglustjóra og/ eða sýslumannsembættum.

Virðingarfyllst,  
Harpa Fönn Sigurjónsdóttir, lögfræðingur,  
f.h. Myndstefs